

Suðurnesjabær

Ársreikningur

2023



Seinni umræða í bæjarstjórn 8. maí 2024

Suðurnesjabær
Sunnubraut 4
250 Suðurnesjabæ
kt. 550518-1200

Suðurnesjabær

Ársreikningur

2023

Efnisyfirlit

Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3-4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6-7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-22
Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagsl. uppl.	23

Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningur Suðurnesjabæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum og þeim breytingum sem á þeim hafa orðið frá fyrra ári.

Starfsemin skiptist í A hluta annarsvegar og B hluta hinsvegar. Til A hluta (sveitarsjóður) telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B hluta eru fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu bæjarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar sem eru: Hafnarsjóður, Félagslegar íbúðir, Fráveita, Vatnsveita, Íbúðir aldraðra, Fræðasetur og Bílastæðasjóður Suðurnesjabæjar.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu um 6.324,2 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 5.872,1 milljónum króna. Rekstrartekjur A-hluta námu um 5.983,1 milljón króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 5.580 milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var neikvæð að fjárhæð um 39,1 milljónir króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 29,4 milljónum króna jákvæðri afkomu. Rekstrarafkoma A hluta var neikvæð að fjárhæð 12,2 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri afkomu um 43,6 milljónir króna. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 4.348,0 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé A hluta 4.776,2 milljónum króna.

Hlutfall reglulegra tekna af heildarskuldum og skuldbindingum er 65,38% hjá sjóðum A og B hluta, en var 66,7% árið 2022, hlutfallið hjá A hluta er 44,98% en var 44,1% árið 2022. Skv. 64. gr. 2. málsg. sveitarstjórnarlaga á þetta hlutfall ekki að vera hærra en 150%.


Íbúafjöldi í Suðurnesjabæ 1. desember 2023 samkvæmt lögheimilisskráningu hjá Þjóðskrá var 4036 og var fjölgun um 126 einstakling frá fyrra ári.

Í samræmi við lög um ársreikninga birtir sveitarfélagið yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar. Framangreindar upplýsingar eru settar fram í fylgiskjali við ársreikninginn, Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagsleg upplýsingagjöf.

Ársreikningur Suðurnesjabæjar fyrir árið 2023 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Suðurnesjabær 26. mars 2024

Bæjarstjóri:



Bæjarráð:

Anton H. Guðmundsson
Magnús S. Magnússon
Jónína Magnúsdóttir

Bæjarstjórn Suðurnesjabæjar staðfestir hér með ársreikning Suðurnesjabæjar fyrir árið 2023 með undirritun

Suðurnesjabær 8. maí 2024

Bæjarstjórn:

Anton H. Guðmundsson
Magnús S. Magnússon
Jónína Magnúsdóttir
Laufríður
Sigursveinn B. Jónsson
Elín Frímannsd.
Úrsula María Guðjónsdóttir

Oddný Kr. Ásgeirsd.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Suðurnesjabæjar fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Suðurnesjabæjar á árinu 2023, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Suðurnesjabæ í samræmi við alþjóðlegar siðareglur og settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Bæjarstjórn og bæjarstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra og yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil sveitarfélaga. Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber bæjarstjórn og bæjarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Suðurnesjabær 8. maí 2024

Deloitte ehf.


Kristján Þór Ragnarsson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2023

Skýr.		A hluti			A og B hluti		
		2023	Áætlun 2023	2022	2023	Áætlun 2023	2022
Skatttekjur án framlaga jöfnunarsjóða ...	3	3.706.792	3.570.765	3.218.495	3.698.516	3.557.832	3.211.071
Framlag úr jöfnunarsjóði	3	1.288.867	1.143.818	1.126.618	1.288.867	1.143.818	1.126.618
Aðrar tekjur	3	<u>987.491</u>	<u>865.377</u>	<u>828.035</u>	<u>1.336.852</u>	<u>1.170.471</u>	<u>1.113.049</u>
		5.983.149	5.579.960	5.173.148	6.324.235	5.872.121	5.450.739
Laun og launatengd gjöld.....	4	(3.034.380)	(2.913.662)	(2.694.871)	(3.140.349)	(3.092.064)	(2.792.049)
Breyting lífeyrisskuldbindinga	4	(173.632)	(106.223)	(103.592)	(190.180)	(124.529)	(116.452)
Annar rekstrarkostnaður		<u>(2.340.091)</u>	<u>(2.144.205)</u>	<u>(1.877.513)</u>	<u>(2.397.868)</u>	<u>(2.088.310)</u>	<u>(1.899.646)</u>
		(5.548.103)	(5.164.090)	(4.675.975)	(5.728.396)	(5.304.903)	(4.808.147)
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir		435.046	415.870	497.172	595.839	567.218	642.591
Afskriftir fastafjármuna	7	<u>(235.455)</u>	<u>(201.548)</u>	<u>(228.025)</u>	<u>(290.577)</u>	<u>(247.077)</u>	<u>(280.395)</u>
Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði		199.591	214.322	269.147	305.261	320.141	362.197
Fjármunatekjur	5	73.814	147.656	36.978	63.634	145.536	25.893
Fjármagnsgjöld	5	<u>(285.624)</u>	<u>(318.350)</u>	<u>(286.178)</u>	<u>(408.041)</u>	<u>(436.230)</u>	<u>(422.378)</u>
Rekstrarafkoma ársins		<u>(12.218)</u>	<u>43.628</u>	<u>19.946</u>	<u>(39.146)</u>	<u>29.447</u>	<u>(34.289)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		31.12.2023	31.12.2022	31.12.2023	31.12.2022
Varanlegir rekstrarfjármunir					
Lóðir og lendur	7	1.596.008	1.431.825	1.596.008	1.431.825
Fasteignir	7	4.964.857	4.517.867	5.374.819	4.891.774
Veitukerfi	7	0	0	623.752	617.275
Hafnarmannvirki	7	7.606	9.007	116.872	124.080
Gatnakerfi	7	861.746	920.013	861.746	920.013
Áhöld og tæki	7	205.804	193.404	259.191	231.246
		7.636.020	7.072.116	8.832.388	8.216.212
Áhættufjármunir og langtímakröfur					
Eignarhlutar í félögum	8	201.196	201.220	153.741	153.764
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki B		51.656	69.017	0	0
Aðrar langtímakröfur	10	4.526	4.296	4.526	4.296
Fyrirframgreitt vegna lífeyrisgreiðslu	18	130.839	137.062	130.839	137.062
		388.217	411.595	289.106	295.122
		8.024.238	7.483.711	9.121.494	8.511.335
Veltufjármunir					
Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur	11	441.198	371.663	460.633	385.053
Aðrar skammtímakröfur	11	244.044	272.447	277.800	279.364
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki B		212.849	136.414	0	0
Fyrirframgreitt vegna lífeyris	18	6.222	6.222	6.222	6.222
Sjóður og bankainnistæður	11	535.506	626.867	545.622	661.574
		1.439.820	1.413.613	1.290.278	1.332.213
Eignir		9.464.058	8.897.325	10.411.771	9.843.548

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eigið fé og skuldir	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		31.12.2023	31.12.2022	31.12.2023	31.12.2022
Eigið fé					
Óráðstafað eigið fé	12	4.776.206	4.628.535	4.347.959	4.227.031
		<u>4.776.206</u>	<u>4.628.535</u>	<u>4.347.959</u>	<u>4.227.031</u>
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding	13	1.184.551	1.072.413	1.394.523	1.264.364
Leiguskuldir	15	95.828	97.621	95.828	97.621
Búseturéttur		0	0	11.447	15.057
		<u>1.280.379</u>	<u>1.170.034</u>	<u>1.501.799</u>	<u>1.377.042</u>
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	14	2.592.578	2.407.377	3.620.428	3.438.518
		<u>2.592.578</u>	<u>2.407.377</u>	<u>3.620.428</u>	<u>3.438.518</u>
Skammtímaskuldir					
Næsta árs afborgun lífeyrisskuldbindingar	13	50.390	41.361	56.951	48.613
Næsta árs afborganir langtímaskulda	14	204.564	173.407	289.151	250.509
Næsta árs afborganir leiguskulda	15	9.507	8.382	9.507	8.382
Skuldir við eigin fyrirtæki B		0	329	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	16	550.433	467.899	585.976	493.453
		<u>814.895</u>	<u>691.378</u>	<u>941.585</u>	<u>800.957</u>
Skuldir		<u>4.687.852</u>	<u>4.268.789</u>	<u>6.063.812</u>	<u>5.616.517</u>
Eigið fé og skuldir		<u><u>9.464.058</u></u>	<u><u>8.897.325</u></u>	<u><u>10.411.771</u></u>	<u><u>9.843.548</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2023

Skýr.	A hluti			A og B hluti		
	2023	Áætlun 2023	2022	2023	Áætlun 2023	2022
Rekstrarhreyfingar						
Rekstrarafkoma ársins	(12.218)	43.628	19.946	(39.146)	29.447	(34.289)
Afskriftir	235.455	195.346	228.025	290.577	240.875	280.395
Söluhagnaður fastafjármuna	(3.918)	0	(168)	(36.414)	0	(168)
Niðurfærsla viðskiptakrafna	215	0	647	215	0	709
Breyting á fyrirframgreiðslu	6.222	6.222	5.074	6.222	6.222	5.074
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	13 167.410	106.223	100.649	191.477	124.529	114.424
Verðbætur af skuldum og eignum	203.652	156.420	215.990	289.690	219.976	316.727
Veltufé frá rekstri	596.819	507.839	570.163	702.621	621.049	682.872
Óinnheimtar tekjur, breyting	11 (69.535)	0	(126.596)	(69.535)	0	(126.596)
Rekstartengdar eignir, breyting	11 29.133	0	(140.358)	(3.709)	0	(138.007)
Rekstartengdar skuldir, breyting	16 81.844	0	58.284	91.912	0	56.903
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar	13 (46.243)	(35.700)	(39.069)	(52.980)	(42.800)	(47.183)
Handbært fé frá rekstri	592.017	472.139	322.425	668.309	578.249	427.989
Fjárfestingahreyfingar						
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	(640.288)	(935.000)	(416.511)	(753.763)	(1.035.000)	(461.959)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	7 4.000	60.000	0	42.000	60.000	0
Keyptir eignarhlutar	0	0	0	0	(25.000)	0
Seldir eignarhlutar	500	0	99	500	0	99
	(635.788)	(875.000)	(416.412)	(711.263)	(1.000.000)	(461.860)
Fjármögnunarhreyfingar						
Afborganir langtímaskulda	(179.412)	(199.587)	(201.132)	(259.830)	(271.672)	(289.648)
Afborganir af leiguskuldbindingu	(8.776)	(8.818)	(7.660)	(8.776)	(8.818)	(7.660)
Nýjar langtímaskuldir	200.000	600.000	250.000	200.000	600.000	250.000
Staða eigin fyrirtækja, breyting	(59.403)	(110.352)	(39.610)	0	0	0
Skammtímask. við lánastofn.	0	0	0	0	0	0
Endurgreiddur búseturéttur	0	0	0	(4.393)	0	
	(47.591)	281.243	1.598	(72.999)	319.510	(47.308)
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	(91.362)	(121.618)	(92.390)	(115.952)	(102.241)	(81.180)
Handbært fé í upphafi árs	626.867	629.541	719.257	661.574	629.541	742.753
Handbært fé í lok árs	535.506	507.923	626.867	545.622	527.300	661.574

1. Almennar upplýsingar

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B-hluta. Til A-hluta telst sveitarsjóður, sem er Aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk Aðalsjóðs er um að ræða Eignarsjóð, Þjónustumiðstöð og Framtíðarsjóð, ásamt hlutdeild þess í byggðasamlögum, sameignarfélögum, sameignarfyrirtæjum og öðrum félagaformum þeirra aðila sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags. Þau félög eru Brunavarnir Suðurnesja bs. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum og Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja.

Til B-hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar, ásamt hlutdeild þess í byggðasamlögum, sameignarfélögum, sameignarfyrirtæjum og öðrum félagaformum þeirra aðila sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B-hluta eru: Hafnarsjóður, Félagslegar íbúðir, Fráveita, Vatnsveita, Íbúðir aldraðra, Fræðasetur og Bílastæðasjóður Suðurnesjabæjar og Kalka Sorpeyðingarstöð sf..

Ársreikningur Suðurnesjabæjar fyrir árið 2023 hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs og samantekinn ársreikning A- og B -hluta.

Fjárhagsáætlun Suðurnesjabæjar, með viðaukum, fyrir árið 2023 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og yfirliti um sjóðstreymi.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Sveitarfélagið hefur innleitt reglugerðabreytingu nr. 230/2021 á 20. gr. reglugerðar 1212/2015, um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga vegna reikningshaldslegrar meðferðar byggðasamlaga, sameignarfélaga, sameignarfyrirtækja og annarra félagaforma sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags. Í breytingunni fólst að sveitarfélagið færir nú hlutdeild þess í einstökum liðum rekstrar og efnahags þessara aðila til samræmis við hlutfallslega ábyrgð sína. Áhrif þessa voru þau að sveitarfélagið færir nú hlutdeild í einstökum liðum rekstrar og efnahags samstarfsverkefna sem talin eru upp í skýringu 9.

Ársreikningur sveitarsjóðs

Ársreikningur Bæjarsjóðs tekur til Aðalsjóðs, Eignarsjóðs og Framtíðarsjóðs, ásamt hlutdeild sveitarfélags í Brunavörnum Suðurnesja bs. Sambandi Sveitarfélaga á Suðurnesjum og Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda Bæjarsjóð færð út.

Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til Bæjarsjóðs og B-hluta fyrirtækja þar sem eignarhlutur Bæjarsjóðs er meiri en 50% í árslok, ásamt hlutdeild sveitarfélagsins í Köllu Sorpeyðingarstöð sf. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður á milli Bæjarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru jöfnuð út.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattígildi, svo sem lóðarleiga.

Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra.

Til lækunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal rekstrartekna/-gjalda, en hagnaður (tap) af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna/-gjalda eða annarra tekna/gjalda.

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega yfir líftíma lánsins.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendri mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag og gengi í árslok. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikningi.

Niðurfærsla eigna

Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á árinu er færð í rekstrarreikning.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutækjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti, og bókfært virði þeirra uppfært ef endurmetið verð þeirra er 5% umfram bókfært verð, sbr. álit reikningsskila og upplýsinganefndar 2/2010. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárræikning.

Afskriftir eru reiknaðar af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna að frádregnum framlögum til þeirra og gjaldfærðar línulegri afskrift á áætluðum nýtingartíma eignanna. Afskriftartími eigna hefst þegar þær eru teknar í notkun. Ef rekstrarfjármunur er enn í notkun eftir að afskriftartíminn er á enda, er skilið eftir niðurlagsverð sem samsvarar eins árs afskrift, en þó ekki meira en sem svarar til 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími eignanna greinist þannig:

Fasteignir, lóðir og gatnakerfi	40 til 100 ár
Vatnslögn og veitukerfi	25 til 50 ár
Gatnakerfi	25 til 50 ár
Veitukerfi	10 til 50 ár
Vélar, áhöld og tæki	5 til 10 ár

Eignarhlutar í félögum

Eignarhlutar sveitarsjóðs í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði í ársreikningi sveitarsjóðs og ekki er færð hlutdeild í afkomu þeirra í reikningsskilum hans þar sem fyrst og fremst er verið að draga fram ráðstöfun skatttekna í ársreikningi sveitarsjóðs.

Eignarhlutar B hluta fyrirtækja í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði.

Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar eins og lánað segja til um. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar á meðal veltufjármuna. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanefndum við innheimtu þeirra, sbr. kafla hér frammar um niðurfærslu eigna.

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta huqsanlequ tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna sé það lægra. Lágmarksleigugreiðslum er skipt í vaxtagjöld og afborganir.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala ef það er gerlegt að ákvarða en annars miðað við lánskjör sveitarfélagsins af nýju fjármagni á þeim tíma sem samningur er gerður.

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum afborgunum af höfuðstól og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi qenqi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söludegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárústreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun bæjarfélagsins fyrir árið 2023 er birt sem samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	2023	Áætlun 2023	2022	2023	Áætlun 2023	2022
Útsvar og fasteignaskattur						
Útsvör	2.696.467	2.514.132	2.344.026	2.696.467	2.514.132	2.344.026
Fasteignaskattur	1.010.325	1.056.633	874.469	1.002.049	1.043.700	867.045
	<u>3.706.792</u>	<u>3.570.765</u>	<u>3.218.495</u>	<u>3.698.516</u>	<u>3.557.832</u>	<u>3.211.071</u>
Framlög Jöfnunarsjóðs						
Framlag v/fasteignaskatts.....	113.342	108.935	101.734	113.342	108.935	101.734
Grunnskólaframlag.....	404.504	384.849	389.434	404.504	384.849	389.434
Framlag v/sérþarfa fatlaðra.....	32.036	20.550	19.345	32.036	20.550	19.345
Framlag v/nýbúafræðslu.....	11.390	11.730	11.520	11.390	11.730	11.520
Útgjaldajöfnunarframlag.....	642.336	541.897	515.048	642.336	541.897	515.048
Framlag v.tónlistarfræðslu.....	4.000	0	2.504	4.000	0	2.504
Frá Jöfnunarsjóði ósundurliðað.....	16.368	15.807	15.807	16.368	15.807	15.807
Framlög v/ lengdrar viðveru.....	4.841	0	3.035	4.841	0	3.035
Framlög v/sameiningar.....	60.050	60.050	68.190	60.050	60.050	68.190
	<u>1.288.867</u>	<u>1.143.818</u>	<u>1.126.618</u>	<u>1.288.867</u>	<u>1.143.818</u>	<u>1.126.618</u>
Aðrar tekjur						
Þjónustutekjur.....	721.480	755.805	808.063	937.738	1.003.947	840.569
Lóðarleiga	56.840	63.084	51.499	56.840	63.084	51.499
Hagnaður af sölu eigna	3.442	0	0	36.107	0	0
Eignartekjur	205.729	46.488	142.989	306.167	103.440	220.981
	<u>987.491</u>	<u>865.377</u>	<u>1.002.551</u>	<u>1.336.852</u>	<u>1.170.471</u>	<u>1.113.049</u>
Rekstrartekjur samtals	<u>5.983.149</u>	<u>5.579.960</u>	<u>5.347.664</u>	<u>6.324.235</u>	<u>5.872.121</u>	<u>5.450.739</u>

Álagningarhlutföll

	2023	2022	
Útsvar	14,52%	14,52%	
Fasteignaskattar - íbúðarhúsnæði	0,280%	0,295%	A - flokkur
Fasteignaskattar - opinberar byggingar	1,32%	1,32%	B - flokkur
Fasteignaskattar - atvinnuhúsnæði og óbyggt land	1,65%	1,65%	C - flokkur

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	2023	Áætlun 2023	2022	2023	Áætlun 2023	2022
Laun	2.495.234	2.384.192	2.208.933	2.588.409	2.549.174	2.293.618
Launatengd gjöld	539.145	529.470	485.937	551.940	542.890	498.431
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	173.632	106.223	103.592	190.180	124.529	116.452
	<u>3.208.012</u>	<u>3.019.885</u>	<u>2.798.462</u>	<u>3.330.529</u>	<u>3.216.593</u>	<u>2.908.501</u>
	<u>2023</u>	<u>2022</u>	<u>2021</u>	<u>2020</u>	<u>2019</u>	<u>2018</u>
Ársverk í árslok	230	226	215	199	188	

4. Laun og annar starfsmannakostnaður frh.

	2023	2022
Laun og launatengd gjöld bæjarstjórnar og bæjarstjóra.	84.956	83.418

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	2023	Áætlun 2023	2022	2023	Áætlun 2023	2022
Vaxtatekjur af bankareikningum	16.858	18.402	11.083	17.297	18.402	11.301
Arður af hlutabréfaeign	1.860	0	3.085	1.860	0	3.085
Vaxtatekjur við eigin fyrirtæki	10.716	124.514	11.396	0	122.394	0
Aðrar vaxtatekjur	44.380	4.740	11.414	44.477	4.740	11.507
	73.814	147.656	36.978	63.634	145.536	25.893

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtagjöld af skammtímaskuldum	(7.743)	0	(15.594)	(14.141)	(2.280)	(24.223)
Vaxtagjöld og verðbætur af langt.	(254.501)	(200.446)	(253.827)	(370.247)	(288.358)	(381.720)
Vaxtagjöld við eigin fyrirtæki	0	0	(495)	22	(13.259)	(720)
Önnur vaxtagjöld	(23.380)	(117.904)	(16.262)	(23.675)	(132.333)	(15.715)
	(285.624)	(318.350)	(286.178)	(408.041)	(436.230)	(422.378)
	(211.809)	(170.694)	(249.200)	(344.407)	(290.694)	(396.486)

6. Rekstur málaflokka og fyrirtækja í samanburði við fjárhagsáætlun

Rekstur málaflokka greinist þannig:

	2023	Áætlun 2023	2022
Skatttekjur	5.109.437	4.827.943	4.447.057
Félagsþjónusta	(588.635)	(616.682)	(463.462)
Fræðslu- og uppeldismál	(2.602.196)	(2.491.443)	(2.268.903)
Menningarmál	(107.815)	(105.667)	(96.364)
Æskulýðs- og íþróttamál	(519.345)	(497.294)	(456.726)
Brunamál og almannavarnir	(84.726)	(85.664)	(81.995)
Hreinlætismál	(12.036)	(13.505)	(7.178)
Skipulags- og byggingarmál	(94.844)	(93.424)	(74.420)
Umferðar- og samgöngumál	(210.196)	(199.846)	(216.856)
Umhverfismál	(131.839)	(121.807)	(120.115)
Atvinnumál	(41.711)	(42.109)	(40.355)
Framlög til B-hluta stofnanir	(30.000)	(30.000)	(32.000)
Sameiginlegur kostnaður	(394.415)	(404.880)	(363.084)
Breyting lífeyrisskuldbindinga	(173.632)	(106.223)	(103.592)
Fjármunatekjur og fjármagnsgj.	(190.271)	(98.594)	(117.407)
Aðalsjóður samtals	(72.224)	(79.196)	4.601

A-hluta stofnanir:

Eignasjóður	30.925	103.743	23.894
Framtíðarsjóður	20.622	17.864	(5.431)
Hlutur í samstarfsverkefnum (BS, SSS og HES)	8.460	1.217	(3.117)
A hluti samtals	(12.218)	43.628	19.946

B-hluta stofnanir:

Hafnarsjóður	(30.614)	(14.082)	(18.890)
Íbúðir aldraðra	(1.914)	5.648	(5.668)
Félagslegar íbúðir	12.333	(13.852)	(14.798)
Fráveita	(11.544)	(10.177)	(22.268)
Vatnsveita	(7.876)	7.315	330
Fræðasetur	(8.136)	(8.472)	(11.374)
Bílastæðasjóður	(118)	60	(10)
Hlutur í samstarfsverkefnum (Kalka)	20.941	19.377	18.443
	(26.928)	(14.183)	(54.235)
A og B hluti samtals	(39.146)	29.446	(34.289)

7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

A hluti

	Fasteignir og byggingarland	Lóðir og lendur	Veitur- og gatnakerfi	Áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð					
